

Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

haldinn í Utanríkisráðuneytinu í Reykjavík, miðvikudaginn 14. mars 2012, kl. 10:00 til 12:00

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands/RANNÍS](#), formaður nefndarinnar
- Anna Guðrún Þórhallsdóttir frá [Landbúnaðarháskóla Íslands](#)
- Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#)
- Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#)
- Eiríkur Stephensen frá RANNÍS
- Kristinn J. Albertsson frá [Náttúrufræðistofnun](#)
- Steingrímur Jónsson frá Háskólanum á Akureyri
- Þórunn Pálsdóttir frá [Veðurstofu Íslands](#)
og
- Jónas Gunnar Allansson frá [Utanríkisráðuneytinu](#)
- Atli Már Sigurðsson frá Utanríkisráðuneytinu
- Anna Pála Sverrisdóttir frá Utanríkisráðuneytinu
- Jón Haukur Ingimundarson frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
- Tom Barry frá [CAFF skrifstofunni](#) (í síma)
- Lára Ólafsdóttir frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (fundarritari)

Forföll boðuðu Níels Einarsson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#), Þóra Ellen Þórhallsdóttir frá [Háskóla Íslands](#) og Halldór Jóhannsson frá [Arctic Portal](#).

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

Dagskrá fundarins:

1. Efst á baugi hjá stofnunum
2. Hlutverk Samvinnunefndar
Fylgiskjal: Hlutverk Samvinnunefndar um málefni norðurslóða (SUMN) – drög 17. febrúar 2012
3. Norðurslóðadagur 2012 á Grænlandi
Fylgiskjal: Icelandic Greenlandic Arctic Science Days
4. Vöktunarkerfi fyrir norðurslóðir (SAON)
Fylgiskjöl: • Fundur vöktunarráðs SAON í Tromsø 24.-25. janúar 2012
• SAON Inventory of Networks – Phase II
5. Þátttaka í ASSW og IPY ráðstefnu í Montreal í Kanada í apríl 2012
6. Önnur mál

Jónas Gunnar Allansson bauð fólk velkomið í Utanríkisráðuneytið. Hann kynnti Önnu Pálu Sverrisdóttur hjá Umhverfis- og auðlindaskrifstofu Utanríkisráðuneytisins, sem er m.a. í embættismannanefnd Barentsráðsins og sat fundinn. Tom Barry kom inn á símafund. Þorsteinn setti fundinn og fór yfir dagskrána. Fundargerð síðasta fundar sem komin var á netið var samþykkt. Vinnulag verði framvegis þannig að skriflega sé farið fram á samþykkt fundargerðar (þögn er samþykki) áður en hún verður sett á vefsíðuna.

1. Efst á baugi hjá stofnunum

Anna Guðrún Þórhallsdóttir (Landbúnaðarháskóla Íslands): Unnið er að undirbúningi European Grassland Congress sem verður á Íslandi 2014.

Helgi Jensson frá Umhverfisstofnun: Ársfundur stofnunarinnar er í síðar í mars. Byrjað að vinna að undirbúningi fyrir fjárlög næsta árs, verður aukin áhersla á norðurslóðamálin.

Kristinn J. Albertsson (Náttúrufræðistofnun): Unnið er við undirbúning umfangsmikils IPA verkefnis, en styrkur fékkst í það frá Evrópusambandinu. Verkefnið lýtur að kortlagningu á vistgerðum, m.a. úttekt á ferskvatnslífkerfi og fuglalífi landsins. Á að taka þrjú ár. - Ársfundur stofnunarinnar verður síðar í mánuðnum.

Eiríkur Stephensen (RANNÍS): Ísland er þátttakandi í alþjóðlegum djúpsjávarborunarsamtökum, verið er að samþykka ný rannsóknaráætlun fyrir 2013-23. Ekki víst hvort Ísland verður áfram í þessum samtökum, verður ákveðið í næstu viku. Kostnaður yrði greiddur af menntamálaráðuneyti, en ekki liggur ljóst fyrir um hvort af því verður. Eiríkur ætlar að senda nefndarmönnum gögn um þetta og SUMN mun gefa út stuðningsyfirlýsingu við þetta mikilvæga verkefni.

Þorsteinn Gunnarsson (RANNÍS): Vísinda- og tækninefnd er að gera tillögu að einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu á Íslandi þar sem m.a. verður fjallað um norðurslóðasamstarf. Annað sem RANNÍS hefur verið að vinna að snertir SAON vöktunarkerfið og IASC fund á [Arctic Science Summit Week 2012](#) í Montreal (sjá síðar).

Jón Haukur Ingimundarson (SVS): Astrid Ogilvie er í Tromsø ([CICERO](#)) og SVS verður í samvinnu með verkefni þar um auðlindanýtingu á vestnorræna svæðinu. – Off-shore drilling verkefni: Joan Nymand Larsen og Jón Haukur Ingimundarson voru í Alaska á vinnufundi, þar sem ASI II skýrslan verður notað í þessu verkefni. Joan Nymand Larsen er í Danmörku á vinnufundi vegna næstu ADHR II skýrslu. – Jón er að vinna við kennslu í norðurslóðafræði í Háskólanum á Akureyri.

Varðandi Arctic Cooperation Network hefur sá misskilningur komið upp í fjölmiðlum og umræðu að þetta væri ný stofnun, frekar en nýtt verkefni. Þetta er frekar klasamiðstöð eða net. Talað um að fá aðra kynningu á Arctic Cooperation Network síðar þegar þetta verkefni er komið lengra á veg.

Héðinn Valdimarsson (Hafró): Evrópuverkefni um flæði sjávar milli Grænlands og Skotlands sem hann og Steingrímur vinna að. Þetta er framhalds- og hliðarverkefni með öðrum löndum sem Hafró hefur verið í. Í sumar verður þetta tekið upp að nýju. – Um miðjan maí verður fundur í Reykjavík um samstarfsverkefni milli haffræðinga og veðurfræðinga í USA og á Íslandi um orkuskipti í hafinu norður af Íslandi. – Vöktunarverkefni í höfunum kringum Ísland og vinna að vatnatilskipun halda áfram.

Steingrímur Jónsson (HA): Prófessorsstaðan í norðurslóðafræðum, kennd við Nansen verður vonandi auglýst í næsta eða þarnæsta mánuði, en Norðmenn greiða meiri hluta kostnaðar við stöðuna. – Nýr samvinnusamningur milli Frakka og Íslendinga um norðurslóðaverkefni hefur verið undirritaður. Löndin taka á móti vísindamönnum hvors annars til vinnu við sínar stofnanir. – Til stendur að ráða verkefnisstjóra á næstunni í áðurnefnt norðurslóðanet (Arctic Cooperation Network).

Jónas (Utanríkisráðuneytið) sagði svona samstarf, eins og við Norðmenn og Frakka, væri eftirsóknarvert og ykist vonandi í framtíðinni. Stúdentaskipti (Norðmenn) verður vonandi auglýst innan skamms. Vildi að samstarf væri haft ef stofnanir hafa fleiri hugmyndir tengdar svona samstarfi. – Verkefnasjóðurinn (sem bæði Norðmenn og Íslendingar greiða í) er ekki mjög digur og verður einfaldaður, verður trúlega bara ferðastyrkir.

Þórunna Pálsdóttir (Veðurstofan): Sömu stóru verkefni og á þar síðasta fundi. – Lýsti ánægju með samstarf við Hafró sem Héðinn talaði um. Varðandi eldgos, er mikið um nýja tækni sem þarf að tileinka sér. Vatnatilskipunin tekur mikinn tíma sem fyrr.

Rætt var um rannsóknir og vöktun á Drekasvæðinu og hverjir myndu koma að þeim. Íslenska ríkið kom að þessu í byrjun, en myndi ekki koma að því í framhaldsrannsóknunum.

2. Hlutverk Samvinnunefndar

Endurskoðuðum drögum um hlutverk nefndarinnar var dreift. Þorsteinn sagði að þeir (hann, Jón og Helgi) hefðu breytt síðasta punktinum, sem og hverjir hefðu aðild að SUMN skv. skipunarbréfi.

Lýst var eftir nákvæmari tilgangi skjalsins. Á að fara fram á reglugerðar- eða lagabreytingu? Upphaflega átti þetta að vera praktískar leiðbeiningar fyrir nefndina um starfsemina. Ekkert sé því til fyrirstöðu að bjóða öðrum sæti í nefndinni, með fullum tillögurétti, t.d. Utanríkisráðuneytinu, CAFF, PAME og Arctic Portal. Margar aðrar stofnanir vinna að norðurslóðaefnum (Orkustofnun o.fl.). Í öðrum löndum eru ýmis módel notuð. Allir voru sammála um að SUMN væri að sækja í sig veðrið og sjálfsagt væri að ræða tilgang og ramma nefndarinnar frekar, en þá með þátttöku Umhverfissráðuneytisins.

Skipunarbréfið nefndarinnar rennur út 20. ágúst 2012 og þótti fólki eðlilegt að nefndin ætti að leggja fram stefnumótun fyrir þann tíma.

Bent var á að þetta er samvinnunefnd um málefni norðurslóða, sem er mjög víðtækt. Breytingar á norðurslóðum væru mjög miklar og þörf á að fara í gagngerar breytingar á tilgangi nefndarinnar. SUMN væri að þróast úr stuðningsnefnd við SVS í einingu með víðtækara hlutverk.

Þorsteinn sagði að SUMN hefur verið til síðan 1997 og honum fannst það vera til trafala þegar hann tók við formennsku, að hafa ekki skýrari lýsingu á nefndinni. Taldi gott að taka upp umræður við umhverfisráðuneyti í ljósi breytts hlutverks og þróunar í norðurslóðamálum. Drögin sem nú væri unnið að gætu nýst sem grunnur í umræðu við Umhverfisráðuneytið um breytt hlutverk og starfsemi nefndarinnar. Þorsteinn stakk upp á að Helgi, Þóranna, Jónas og Níels myndu fara í þessa vinnu með honum. Jafnframt samþykkti nefndin endurskoðuð drög um hlutverk nefndarinnar.

3. Norðurslóðadagur 2012 á Grænlandi

Vinnuskjali um Norðurslóðadagana á Grænlandi (Icelandic Arctic Science Days) var dreift. Jón Haukur kynnti hvað gert hefði verið. Hann sagði Grænlandinga jákvæða og hægt væri að fá inni í Ilinnarfik rannsóknarhúsinu. Hann er vongóður um að styrkur fái til að setja upp farandsýningu Stofnunar Vilhjalms Stefánssonar (Heimskautslöndin unaðslegu) og jafnvel fleira. Undirbúningshópurinn (JHI, JGA, NE og PEP) mun halda áfram að vinna í dagskránni.

Miklar umræður spunnust um dagskrá Norðurslóðadaganna. Ákveðið var að þeir skyldu fara fram 28.-29. september 2012 (Athugasemd fundarritara: Síðar breytt í 20. – 22. september 2012). Rætt var hvort hafa ætti sérstakt þema og taldi Þorsteinn að áherslan ætti að vera á vísindalega vöktun og loftslagsbreytingar. Ýmislegt annað var rætt, m.a. ferðakostnaður milli Íslands og Grænlands, samvinna við Umhverfisráðuneyti Grænlandinga, heimsóknir til grænleakra systurstofnana og veggspjaldakynningar stofnana.

Þorsteinn bað nefndarmenn að ræða Norðurslóðadagana á sínum stofnunum og senda sér viðbrögð fyrir marslok.

4. Vöktunarkerfi fyrir norðurslóðir (SAON)

Dreift var skjali með frásögn Þorsteins af fundi vöktunarráðs SAON sem fram fór í Tromsø í janúar sl. Hann sagði frá fundinum og benti einnig á samantekt RANNÍS og Arctic Portal um vöktunarverkefni ([Inventory of networks – Phase II](#)), sem dreift var á fundinum og er einnig aðgengileg á [heimasíðu SAON](#).

Hér komu Hjálmar Hannesson, sendiherra, SAO, Magnús Jóhannesson frá Umhverfisráðuneytinu og Trausti Baldursson frá Náttúrufræðistofnun inn á fundinn.

5. Þátttaka í ASSW og IPY ráðstefnu í Montreal í Kanada í apríl 2012

Rætt var um hverjir ætluðu að taka þátt í þessum viðburðum. Þorsteinn bað fólk að kanna það á sínum stofnunum og láta sig vita þannig að hægt yrði að koma á fundi með þátttakendum til undirbúnings.

6. Önnur mál

Önnur mál voru ekki tekin fyrir. Ákveðið var að halda næsta fund SUMN á Akureyri, 16. maí 2012, kl. 10:00.

Í kjölfar fundar SUMN hófst síðan samráðsfundar vegna fundar embættismannanefndar Norðurskautsráðsins í Stokkhólmi 27. til 29. mars nk. Utanríkisráðuneytið bauð fulltrúum í báðum nefndum til sameiginlegs hádegisverðar og þeim fulltrúum SUMN sem tók hefðu á því að sitja samráðsfundinn.

Fundi slitið kl. 12:15